

**Nd.** **405. Frumvarp til laga** [125. mál]  
um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

Í stað orðanna „í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum“ í 1. gr. laganna komi: í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

**2. gr.**

Í stað orðanna „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 25 millj. kr.

**3. gr.**

Í stað orðanna „sveitarstjórnnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps“ í 4. gr. laganna komi: bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 55 25. maí 1950.

**5. gr.**

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.